

63. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn mánudaginn 10. nóvember 2008 kl.12 -13 hjá Helgu, Skeifunni 3.

Mættar: Hildur Gestsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Helga Tuliníus og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: María J. Gunnarsdóttir, Ingibjörg Guðlaugsdóttir og Bjarni Reyr Kristjánsson

Ferðin til Úganda

Ingibjörg Guðlaugsdóttir, María J. Gunnarsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir eru enn á kafi við að undirbúa heimsókn þeirra til CLF á meðan þær dvelja í Úganda tímabilið 15. nóv. - 5. des. Gestur Gíslason, stjórnarfulltrúi í CLF, verður þarna einnig á þessu tímabili. Hann er nýkominn þaðan og segir starfsemina hafa breyst svolítið frá því sem áður var. Það séu meir um stutt námskeiðshöld en var í upphafi og allt iði af lífi og fjöri. Þarna sé fólk að læra ýmiss konar handverk sem getur komið sér vel eftir að námskeiði lýkur eins og skartgripagerð. Ánægja er mikil með Smálánasjóðskerfið sem við komum nýlega á fót.

Ekki varð að styrkveitingu Japanska sendiráðsins fyrir nýju húsnæði fyrir CLF, svo lóðin sem Alnæmisbörn veitti styrk til að kaupa hefur verið notuð til að rækta grænmati o.fl..

Þar sem Júlía sem vann með börnunum á CLF hefur hætt vinnu, þarf að athuga hvort einhver hefur komið í hennar stað. Er mikilvægt að því sé fylgt eftir þegar farið verður út til Úganda upp á áframhaldandi styrkveitingar sem voru eyrnamerkta til slíkrar vinnu.

Væri æskilegt ef hægt yrði að taka lífið á CLF upp á kvikmyndavél.

Hildur ætlar að koma barnafötum til Sigurlaugar áður en þær stöllur fara til Úganda, föt til að gefa börnunum í CLF.

16 daga átakið

Hildur ætlar að mæta á fund miðvikudaginn 12. nóv. kl. 16:30. Okkar framlag til átaksins gegn kynbundnu ofbeldi verður í þetta sinn áframhaldandi söfnun fjár til leikskólans í Norður- Úganda.

Kolaportaferð

Búið var að bóka öll pláss fram til jóla þannig að beðið verður með að selja fleiri barnaföt þar til á næsta ári. Safnaðist um kr. 80.000,- í síðustu Kolaportaferð.

Kringlan

Búið er að fá stað í Kringlunni laugardaginn 29. nóv. þar sem Alnæmisbörn ætla að selja kerti og tertur til styrktar börnunum í Norður- Úganda. Hildur ætlar að skrifa til allra félagsmanna, vina og ættingja að koma með tertur, en nóg er til af kertum.

Rafræn jólakveðja

Þar sem söfnunin með rafrænni kveðju gekk vel í fyrra var ákveðið að stefna að því aftur í ár. Hildur ætlar að kanna gerð korts og halda utan um það.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar